

REGLUR

um gæðaeftirlit með háskólakennslu.

I. Markmið.

1. gr.

Markmið gæðaeftirlits með kennslu á háskólastigi er að viðhalda og auka gæði kennslu í háskólum, bæta skipulag í starfsemi háskóla, stuðla að aukinni ábyrgð háskólastofnana á eigin starfsemi og tryggja samkeppnishæfni þeirra á alþjóðavettvangi.

II. Gæðakerfi háskóla.

2. gr.

Háskóli skal uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar með því að hafa formlegt gæðakerfi. Þáttur í því er kerfisbundið sjálfsmat háskóla eða eininga innan hans og formleg umfjöllun viðkomandi háskóla um matið í þeim tilgangi að bæta kennsluna. Einnig skal fara fram kerfisbundið mat á störfum kennara. Háskóli skal birta opinberlega lýsingu á gæðakerfi sínu. Menntamálaráðuneytið getur á hverjum tíma kallað eftir upplýsingum er varða gæðakerfið.

III. Ytra gæðaeftirlit.

3. gr.

Ytra gæðaeftirlit með háskólakennslu getur náð til háskólastofnunar í heild, einstakra greina, skora, námsbrauta, deilda eða annarra skilgreindra eininga innan háskóla. Jafnframt getur ytra gæðaeftirlit náð til nokkurra háskóla og eininga í senn. Ytra gæðaeftirlit nær til allra þeirra þátta sem snerta kennslu, þ.m.t. stjórnunar, starfsmannamála, námsmats, málefna nemenda og aðbúnaðar.

Háskóli greiðir kostnað vegna sjálfsmats af fjárveitingum sínum. Menntamálaráðuneyti greiðir kostnað vegna ytra mats.

4. gr.

Menntamálaráðherra ákveður hvenær ytra mat fer fram samkvæmt reglum þessum og að hverju það beinist. Ráðherra skipar í því skyni ytri matshóp sem ber ábyrgð á framkvæmd matsins. Við val á ytri matshópi skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Í ytri matshópi skulu sitja 3-6 einstaklingar. Innan hópsins skulu vera einstaklingar sem uppfylla eitthvað af eftirfarandi: Hafa menntun á viðkomandi fræðasviði, víðtæka reynslu af háskólastarfi, gæðastarfi og af því að ráða brautskráða nemendur til starfa.
- b. Enginn í ytri matshópi má hafa bein tengsl við þá stofnun sem metin verður.
- c. Að minnsta kosti einn í hópnum skal vera starfandi erlendis.

Ytri matshópur starfar samkvæmt leiðbeiningum og erindisbréfi sem menntamálaráðuneyti setur og hefur ritara sem skipuleggur störf hans og ritar skýrslu.

Menntamálaráðuneytið gerir verk-, tíma- og kostnaðaráætlun fyrir matið og leiðbeiningar fyrir sjálfsmat og fylgist með framkvæmd þess.

5. gr.

Rektor skipar sjálfsmatshóp og formann hans. Formaður skipuleggur og ber ábyrgð á sjálfsmatinu og ritun sjálfsmatsskýrslu. Hann er einnig tengiliður við aðila utan og innan viðkomandi háskóla og skipuleggur vettvangsheimsókn ytri matshóps.

Í sjálfsmatshóp skal skipa minnst fjóra og mest sex fulltrúa og skulu þeir gefa rétta mynd af innra skipulagi einingarinnar sem matið nær til. Þeir skulu allir starfa innan viðkomandi einingar og í hópnum skulu vera fulltrúar kennara, nemenda og stjórnenda.

6. gr.

Að loknu sjálfsmati fer ytri matshópur á vettvang, sannreynir sjálfsmatsskýrslu, kannar önnur þau atriði sem hann telur nauðsynleg og ritar skýrslu um niðurstöður sínar.

Ytri matshópur skal ljúka skýrslu sinni innan tveggja mánaða eftir að vettvangsheimsókn í háskóla lýkur. Áður en ytri matshópur gengur endanlega frá skýrslu sinni skal hann gefa fulltrúum viðkomandi háskóla kost á að gera athugasemdir við staðreyndir skýrslunnar. Ytri matshópur skal taka afstöðu til athugasemda háskóla og ganga síðan frá lokaskýrslu um matið til ráðuneytisins.

7. gr.

Skýrsla ytri matshóps skal kynnt opinberlega í heild sinni. Innan þriggja mánaða frá birtingu lokaskýrslu um matið skal viðkomandi háskóli birta opinberlega greinargerð um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum þess. Innan tveggja ára þaðan í frá skal menntamálaráðuneytið ganga úr skugga um hvort og hvernig brugðist hefur verið við niðurstöðum ytra matsins.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 5. gr. laga um háskóla nr. 136/1997 og taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 331/1999 um gæðaeftirlit með háskólakennslu.

Menntamálaráðuneytinu, 12. september 2003.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.